

Alþingi
Erindi nr. P 143/1470
komudagur 7.4.2014

Sendandi: Þóra Leósdóttir

dags: 7 apríl 2014

vegna: máls nr. 340: Umsókn Íslands um aðild að Evróopusambandinu dregin til baka.

Undirrituð mótmælir harðlega þingsályktunartillögu þessari og telur hana ólýðræðislega. Ennfremur telur undirrituð að ríkisstjórnin hafi ekki umboð þjóðarinnar til að hætta viðræðum og draga umsóknina til baka nema að undangenginni þjóðaratkvæðagreiðslu og að niðurstaða hennar sýndi afdráttarlaust fylgi við slíka ákvörðun. Pólítísk stefnuskrá stjórnarflokkanna er algjört aukaatriði í þessum efnum enda málið af þeim toga að hagsmunir eru þvert á allar flokkslínur. Þeir sem kosnir eru til að þjóna þjóðinni á háttvirtu Alþingi skulu gera það. Einnig þarf að horfa til þess að sú vinna og fjármunir sem hafa farið í aðildarviðræður fer forgörðum.

með vinsemd og virðingu

Þóra Leósdóttir, 311262-3869